



**Viðtakandi:** Velferðarráðuneytið  
**Sendandi:** Vinnumálastofnun  
**Dags:** Minnisblað 28. ágúst 2012  
**Efni:** Áherslur í þjónustu við útlendinga á atvinnuleysisskrá 2012 (jan.-ágúst)

## Íslenskunámskeið

Ein helsta hindrun útlendinga á íslenskum vinnumarkaði er lítil eða jafnvel engin íslenskukunnátta. Margir tala líka mjög litla ensku samhliða takmarkaðri kunnáttu í íslensku og á sá hópur mjög erfitt um vik að finna og fá vinnu. Vinnumálastofnun hefur því lagt áherslu á að bjóða erlendum ríkisborgurum og öðrum útlendingum sem tala litla íslensku íslenskunámskeið við hæfi. Á námskeiðunum er sérstök áhersla lögð á starfsleit.

- **Íslenskumat** Allir erlendir ríkisborgarar sem koma nýjir inn á skrá eða hafa ekki farið áður eru sendir í sérstakt íslenskumat. Kunnátta í íslensku er metin á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir enginn eða mjög lítil kunnátta en 5 þýðir að viðkomandi talar mjög góða íslensku og getur tekið þátt í almennum úrræðum stofnunarinnar sem fara fram á íslensku. Það sem af er ári hefur íslenskumat farið fram í janúar, mars og júní. Alls fóru 272 einstaklingar í íslenskumat frá janúar til júlímánaða á árinu 2012, þar af 153 Pólverjar og 119 af öðru þjóðerni.
- **Íslenskunámskeið 1. og 2. stig** Einstaklingar sem mælast á 1. og 2. stigi í íslensku eru sendir á íslenskunámskeið. Námskeiðin eru skylda og þeir afskrást sem mæta ekki í boðun á námskeið. Í lok námskeiða fáum við mætingalista og umsögn um hvern og einn. Þar kemur meðal annars fram hvort viðkomandi er tilbúinn að halda áfram á næsta stig. Námskeiðshaldararnir Mímir, Múltí kúltí og Retor hafa haldið þessi námskeið. Samtals hafa 661 einstaklingur farið á íslenskunámskeið sem falla undir stig 1 og 2 á árinu 2012 (jan.-júlí), 506 Pólverjar og 155 einstaklingar af öðru þjóðerni.
- **Íslenskunámskeið fyrir Asíubúa** Sérstakt námskeið fyrir Asíubúa áháð niðurstöðu úr íslenskumati en komið hefur í ljós að þeir þurfa oft annars konar nálgun en aðrir. 17 manns fóru á námskeið í maí/júní.
- **Námstyrkir** Útlendingar geta sótt um styrk á námskeið þar á meðal íslenskunámskeið en ólíkt öðrum námskeiðum eru þau greidd að fullu af VMST. Í lok skyldunámskeiða er þeim gert sérstaklega grein fyrir þessum möguleika af námskeiðshöldurum og margir kjósa að halda þannig áfram íslenskunámi sínu. Samtals hafa 470 útlendingar fengið námsstyrk á árinu 2012 (jan.-júlí), 279 Pólverjar og 191 af öðru þjóðerni.

## Önnur námskeið

Ýmis stök námskeið hafa verið haldin samhliða íslenskunámskeiðum. Þetta eru einkum sérstök starfsleitarnámskeið og starfstengd námskeið. Hér er aðalmarkhópurinn þeir sem hafa verið lengi á skrá (ár eða lengur), hafa þegar tekið íslenskunámskeið og ekki sýnt frumkvæði að því að halda því áfram

- **Starfleitarnámskeið** 3 vikna starfsleitarnámskeið á ensku / íslensku og 3 skipta starfsleitarnámskeið á pólsku, rússnesku, ensku og víetnömsku. Samtals hafa 130 útlendingar farið í gegnum svona námskeið á fyrstu 7 mánuðum ársins, 88 Pólverjar og 42 af öðru þjóðerni.
- **Vinnuvélapróf á ensku** (13 bókaðir/ 5 afskráðir), þrjú vegna vinnu.
- **Færni í ferðaþjónustu á pólsku** (13 bókaðir/6 afskráðir nú), fjórir vegna vinnu, hugsanlega einn vegna námskeiðs

## SMIÐJUR

Í mars mættu 150 Pólverjar á kynningu námskeiðum hjá Mími símenntun og fór kynningin fram á pólsku. Í framhaldi var fólki boðið að skrá sig á námskeiðin, en áhuginn var lítill og engin skráning. Námskeiðin sem voru kynnt voru: Færni í ferðaþjónustu, Meðferð matvæla og Umhverfissmiðja. Í framhaldi af þessum dræmu undirtektum var tekin ákvörðun um að boða tiltekinn hóp langtímaatvinnulausra útlendinga í eftirtaldar smiðjur: Umhverfissmiðju - Þernur, þrif og íslenska - Meðferð matvæla. Námskeiðin voru tengd átaksverkefningu Vinnandi vegur þar sem markmið var að veita einstaklingum þjálfun í formi námskeiðs og í framhaldinu vinnustaðþjálfun og síðan starf. Skyldumæting var á námskeiðin. Því miður gekk misvel að fá atvinnurekendur í samstarf um starfsþjálfunarpláss fyrir útlendinga í framhaldi af námskeiði. Sömuleiðis reyndist umtalsverður hópur útlendinga vera á leið í frí til heimalands þegar koma að starfsþjálfun.

- **Þernur, þrif og íslenska** (11 bókaðir /1afskráður ), einn fékk vinnu í tengslum við námskeiðið
- **Umhverfissmiðja á pólsku** (10 bókaðir /6 afskráðir ), einn fékk vinnu í tengslum við námskeiðið.
- **Meðferð matvæla á pólsku** (13 bókaðir /7 afskráðir ), þrjú vegna vinnu, a.m.k. einn í tengslum við námskeið

EF horft er til afskráninga í kjölfar námskeiða þá virðist sambærilegur árangur af starfstengdum námskeiðum og íslenskunámskeiðum.

Fyrir námskeið og úrræði hafði Vinnumálastofnun greitt um 276 milljónir fyrstu 7 mánuði ársins (1. janúar – 31. júlí 2012). Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hve stór hluti þeirrar upphæðar var vegna námskeiða fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna, en lausleg úttekt bendir til að það sé á milli 35 og 40%.

## Vinnandi vegur – Þátttaka útlendinga

Í tengslum við verkefnið Vinnandi vegur var gerð gangskör að því að skrá alla útlendinga í hinn svokallaða starfsmannagrunn og eru nú fáir útlendingar sem eru ekki með rafræna skráningu. Lögð var áhersla á að kalla alla sem ekki voru í grunninum inn í viðtal, aðstoð veitti við skráningu og farið yfir starfsleitina. Miðlun útlendinga í laus störf á því að vera tryggð. Alls hafa **213 útlendingar** verið ráðnir í gegnum átakið Vinnandi vegur sem er **15,4% af heildarfjölda** þeirra sem fengu starf í gegnum átakið. Er það í samræmi við hlutfall útlendinga á atvinnuleysiskrá.

Reynsla vinnumiðlara VMST er þó sú að útlendingar virðast síður vera boðaðir í viðtöl til atvinnurekenda í kjölfar umsókna. Sömuleiðis er áberandi krafan um góða íslenskukunnáttu í störf sem þessi hópur sinnti fyrir hrun.

## Áherslur haustsins:

Í kjölfar þess að 25% atvinnuleitenda eru nú komnir í þjónustu stéttarfélaga varðandi ráðgjöf og vinnumiðlun (Tilraunaverkefni ASÍ/SA) hefur skapast aukið svigrúm hjá ráðgjöfum og vinnumiðlurum VMST til að veita einstaklingsmiðaðri þjónustu. Hópur atvinnuleitenda sem VMST sinnir er þannig samsettur að hlutfall útlendinga er hærra en hjá þeim hópi sem tilheyrir „Tilraunaverkefninu“ og er hlutfall útlendinga 25% af heildarfjölda í þjónustu VMST. Þrír pólskir starfsmenn starfa hjá VMST á höfuðborgarsvæðinu og sem eykur möguleika stofnunarinnar að veita þeim hópi sem eingöngu talar pólsku einstaklingsmiðaðri þjónustu.

1. **Aukin starfstækifæri.** Allt kapp verður lagt á að veita þessum hópi einstaklingsmiðaðri þjónustu en áður út frá menntun og reynslu þar sem megin markmið verður að skapa **aukin starfstækifæri í samstarfi við atvinnulífið.**
2. **Áhersla verður lögð á eintaklingsviðtöl** sem hafa það að markmiði að greina þarfir hópsins fyrir þjónustu og úrræði ásamt því að fara yfir skráningu á menntun og óskastörfum inn í gagnagrunn VMST.
3. **Mat á menntun.** Lögð verður áhersla á aðstoð við að fá menntun viðurkennda og leitað samstarfs við menntamálayfirvöld þar um. Leggja þarf áherslu á að einfalda boðleiðir við að fá nám metið.
4. **Samstarf um starfsþjálfun.** Leitað verður eftir samstarfi við fyrirtæki um að taka útlendinga í starfsþjálfun í samræmi við menntun og áhuga. Vinnumiðlarar munu leggja áherslu á að sækja störf fyrir þennan hóp. Athuga þarf hvort ástæða er til að beita sértækum aðgerðum í tengslum við vinnumiðlun.
5. **Fjölbreyttari úrræði.** Lögð verður áhersla á að fá námskeiðshaldara í samstarf um fjölbreyttari úrræði þar sem hluti af námskeiðinu verður vinnustaðþjálfun í samstarfi við fyrirtæki ef það mætti verða til þess að auðvelda ráðningu í framhaldinu.
6. **Mat á íslenskunámi.** Leggja á mat á árangur íslenskukennslu í því formi sem verið hefur með það að markmiði að gera íslenskunámið starfsmiðaðra og ef mögulegt er að tengja það starfsþjálfun í atvinnulífinu.

7. **Leitað verðu samstarfs við SÁÁ.** Fyrir þann hóp útlendinga sem þurfa á áfengismeðferð að halda verður leitað samstarfs við SÁÁ um greiningarviðtal. Í framhaldi þurfa að liggja fyrir möguleikar til frekari aðgerða fyrir þá sem af þessum sökum reynast ekki vinnufærir og þá hvaða kerfi tekur við.
8. **Samstarf við Virk.** Vinnumálstofnun hefur gert samning við Virk um að beina til þeirra atvinnuleitendum ef minnsti grunur leikur á að viðkomandi sé óvinnufær. Samráð verður haft við Virk um að þjónustan sé tryggð fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna.